

## **Skólaráðsfundur haldinn að Kleppjárnsreykjum 02. október 2012 kl. 17:00**

Mætt: Margrét Helga, Þórhildur Ýr, Sigrún, Kristín, Lilja Björg, Íris, Ingibjörg Inga, Ida María, Gróa Erla, Sigríður Sóley og Konráð Axel (varamaður fyrir Kristján Bohra).

### **1. mál:**

Skólastjóri bauð alla velkomna á fundinn, sérstaklega nýja fulltrúa í skólaráði.

Frá Varmalandsdeild koma nýjar inn Ida María Önnudóttir f.h. nemenda, Sigríður Sóley Guðnadóttir f.h. foreldra og Gróa Erla Ragnvaldsdóttir f.h. kennara.

Frá Kleppjárnsreykjadeild koma ný inn Kristján Bohra f.h. nemenda og Lilja Björg Ágústsdóttir f.h. kennara. Kristján komst ekki á fundinn og því var Konráð Axel Gylfason varamaður fyrir hann.

Frá Hvanneyrardeild komu nýjar inn Sigrún Kristjánsdóttir f.h. starfsmanna og Íris Indriðadóttir f.h. kennara.

Farið var yfir hvernig skólaráð er skipað og hlutverk þess.

### **2. mál:**

Skólastjóri innti eftir því hvaða tilfinningu fulltrúar hefðu fyrir upphafi skólstarfs.

- Fulltrúar Varmalandsdeildar sögðu að það tæki tíma að venjast breytingu á tímasetningum í stundaskrá og tíminn væri stundum aðeins knappur til að komast á milli húsa í kennslustundir og í mat. Þessu var breytt til að samræma stundatöflur á milli deilda til að auðvelda samvinnu. Nemendur virðast aðlagast breytingunum betur en starfsmenn. Annars allt fínt og hlutir á góðu róli. Foreldrar eru ánægðir með skráningar í Mentor, gott upplýsingaflæði frá skóla.
- Fulltrúar Kleppjárnsreykjadeildar sögðu að þeirra tilfinning væri að það gengi mjög vel. Léttara yfir fólki, nýir (karlkyns) starfsmenn, andrúmsloft jákvæðara. Nýr kennari í unglingsdeild virkar vel á krakkana. Nemendur ánægðir með upphaf skólaárs. Gæti ekki byrjað betur.
- Fulltrúar Hvanneyrardeildar eru ánægðir. Svólítið rót vegna nýrra starfsmanna og nýs deildarstjóra. Tekur tíma að slípast en almennt gengið vel. Allir sáttir. Hlutverkaskipti eru skýr. Búið að leysa þau vandamál sem sköpuðust í upphafi. Ef eitthvað kemur upp eru það leyst strax. Kostur að hafa litla einingu að þessu leyti. Rætt um Mentor skráningar. Foreldrar hafa tækifæri til að fylgjast vel með ef barn á erfitt í skóla og sjá þá hvort það tengist utanaðkomandi aðstæðum heima eða í skóla. Auðveldar vinnu ef vel er skráð.

Fyrirspurn kom um hvort ekki væri nægur matur fyrir alla í mötuneyti K-deildar. Í örfáum tilfellum hefur það komið upp og hefur þá verið leyst. Spurning hvort þetta sé vegna þess að börnin fái sér oft og meira af því sem þeim finnst gott og þá er minna eftir fyrir þá sem koma seinna í mat. Nemendafulltrúi taldi þetta ekki vera eitthvað til að hafa áhyggjur af. Skólastjóri ræðir við starfsmenn mötuneytis vegna þessa.

Farið örstutt yfir breytingu á starfsmannahaldi.

Nýir á Kleppjárnsreykjum:

Jón Ingi Baldvinsson stuðningsfulltrúi, Guðmundur Eyþórsson kennari, Steinunn Ágústa Einarsdóttir aðstoðarmatráður, Josefina Morell skólaliði.

Nýir á Varmalandi:

Hörður Ingi Gunnarsson deildarstjóri og Kolbrún Ólafsdóttir skólaliði.

Nýir á Hvanneyri:

Helga Jensína Svavarsdóttir deildarstjóri, Linda Hrönn Sigurðardóttir yfirmaður skólasels, Jón Friðrik Snorrason matráður og Ingveldur Eyjólfsson.

Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir er að fara í fæðingarorlof í kringum næstu mánaðamót. Börkur Hrafn Nóason leysir hana af í fæðingarorlofi.

Ingibjörg Inga gerði grein fyrir því að innleiðsla nýrrar aðalnámsskrár verði í brennidepli í vetrarstarfi. Miklar breytingar á henni. Beðið er eftir nýrri greinanámsskrá. Breytingar á einkunnagjöf, gefið í bókstöfum í stað tölustafa, einnig á að meta færni og setja þarf hæfniviðmið. Fjórir þróunarhópar vinna í skólanum og hver hópur er skipaður fulltrúum úr öllum deildum. Einn þessara hópa mun vinna að innleiðingu námskrár. Í kjölfar þessa sköpuðust umræður um þróunarhópana, námsmat (hvernig einkunnagjöf yrði háttað) og fleira.

### **3. mál:**

Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla skólans fyrir síðasta skólaár kynnt. Hægt er að lesa þessar skýrslur á heimasíðu skólans.

### **4. mál:**

Drög af starfsáætlun skólaráðs var lögð fram, dagsetningar funda og verkefna unnin á fundinum. Áætlaðir 3 fundir í viðbót við þennan, 7. nóvember, 5. desember og 5. mars. Kallað verður til aukafunda ef þörf krefur.

### **5. mál:**

Breyting á sérfræðiþjónustu:

Búið er að opna Klett, deild innan Grunnskólans í Borgarnesi fyrir nemendur með sérþarfir sem erfitt er að takast á við innan bekkja. Mikil þörf var fyrir þessa þjónustu og er þetta úrræði vel nýtt. Þetta er hugsað fyrir allar skólastofnanirnar, sem geta sótt um kennsluráðgjöf í Klett þar sem sérmenntaðir starfsmenn vinna.

Það mun verða faggreinafundur fljótlega innan skólans þar sem kennarar og sérkennsluráðgjafar hittast og ræða saman um þörf og þjónustu.

Bergrós talmeinafræðingur starfar við skólann í 40% starfi. Rætt var um að erfitt sé að ná í hana og einnig skólasálfræðing og því geti verið erfitt að fylgja málum eftir sem koma upp. Þeirri hugmynd var velt upp að skólaráð senda áskorun á Borgarbyggð um að auka starfshlutfall sérkennsluráðgjafa, þá helst talmeinafræðings og skólasálfræðings.

### **Önnur mál:**

Rætt um nemendafélagið og starfsemi þeirra.

Unglingadeildir Varmalandsdeildar og Kleppjárnsreykjadeildar búnar að fara í hópeflisferð upp í Skátaskálann í Skorradal. Mikil ánægja hjá báðum hópum með ferðirnar. Ýmislegt á döfinni hjá nemendafélögum beggja deilda, verið að vinna að fjölbreyttara samstarfi.

Jólaball 7. desember. Hugmynd um að nemendafélögin vinni sameiginlega að því verkefni.

Varpað var fram þeirri spurningu hvort kennarar GBf hefðu metið þörfina á Ipad í skólana.

Fjörugar umræður spunnust í kringum hana, bæði með og á móti. Sumir töldu ekki þörf á því að tölvuvæða kennslu meir en orðið er, aðrir sögðu að það myndi nýtast vel í sérkennslu og nemendastuðningi.

Sumum fannst að ekki ætti að vera meira einn Ipad í hverja deild fyrir sérkennslu.

Gott að nota til að hjálpa við lærdóm og utanumhald. Auðveldara að hafa námsefni og stundaskrá á myndrænu formi. Gæti virkað hvetjandi fyrir þá sem þurfa mest á sérúrræðum að halda.

Fulltrúum fannst vert að huga betur að þessu máli og ákveðið að skoða betur möguleika og kosti.

Fleira ekki rætt á fundinum.

Fundargerð ritaði Margrét Guðmundsdóttir.